

Uppfært yfirlit vegna undirbúnings fullgildingar samnings SP um réttindi fatlaðs fólks

26.6.2015

Unnið er að því að tryggja að íslenskt lagaumhverfi sé í samræmi við samning SP um réttindi fatlaðs fólks svo hægt verði að fullgilda samninginn hið fyrsta. Innanríkisráðuneytið hefur nú uppfært [samanburðartöflu](#) sem liggur til grundvallar undirbúningi fullgildingar samnings SP um réttindi fatlaðs fólks.

Verkefnið hefur nú þegar skilað ákveðnum árangri en það byggist á þingsályktun Alþingis. Meðfylgjandi vinnuskjal lýsir nánar einstökum ákvæðum samningsins og mat á þörf fyrir lagabreytingum og öðrum aðgerðum svo unnt sé að fullgilda samninginn.

Eins og þar kemur fram kalla 12 ákvæði samningsins að hluta til eða öllu leyti á frekari lagavinnu sem er ýmist á málefnasviði innanríkisráðuneytis eða velferðarráðuneytis. Alþingi hefur nú til meðferðar tvö frumvörp innanríkisráðherra vegna undirbúnings fullgildingarinnar, [frumvarp til laga um breytingar á ákvæðum lögræðislaga](#) og [frumvarp til breytinga á ýmsum lögum vegna breyttrar hugtakanotkunar](#). Undirbúningur vegna annarra ákvæða samningsins er vel á veg kominn og er áætlað að frumvörp vegna þeirra verði lögð fyrir Alþingi á komandi haustþingi.